

AUGLÝSING

um gjald vegna námskeiðs til undirbúnings prófi til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 774/2000 um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður er gjald vegna fyrri hluta námskeiðs sem haldið verður í byrjun árs 2005 ákveðið kr. 120.000. Í námskeiðsgjaldi er innifalið gjald fyrir próf.

Gjald fyrir þátttöku í seinni hluta námskeiðs verður ákveðið síðar.
Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. nóvember 2004.

F. h. r.
Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUGERÐ

um rétt lögmanna frá öðru EES-ríki til að veita þjónustu hér á landi.

I. KAFLI

Inngangur og skilgreiningar.

1. gr.

Lögmaður, sem hefur öðlast starfsréttindi í öðru EES-ríki, getur til frambúðar veitt hér á landi viðvarandi lögmansþjónustu, bæði sjálfstætt og sem launamaður, undir starfsheiti heimalands síns.

Með lögmanni er í reglugerð þessari átt við hvern þann sem er ríkisborgari í öðru EES-ríki og rétt hefur til að starfa undir einhverju eftirtalinna starfsheita:

í Austurríki	Rechtsanwalt
í Belgíu	Avocat/Advocaat/Rechtsanwalt
í Danmörku	Advokat
í Eistlandi	Vandeadvokaat
í Finnlandi	Asianajaja/Advocat
í Frakklandi	Avocat
í Grikklandi	Dikhgoros (Dikigoros)
í Hollandi	Advocaat
í Írlandi	Barrister/Solicitor
á Ítalíu	Avvocato
á Kýpur	Δικηγόρος
í Lettlandi	Zvērinats advokāts
í Liechtenstein	Rechtsanwalt
í Litháen	Advokatas
í Luxembourg	Avocat
á Möltu	Avukat/Prokuratur Legali